

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag fyrir Seltún í Krýsuvík.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 19. febrúar 2014 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Seltún í Krýsuvík í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Meginmarkmið með deiliskipulaginu var að skilgreina aðkomu og gönguleiðir, áningarstaði, þjónustusvæði og bæta aðstöðu til útivistar á svæðinu í heild.

Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Erindið var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar þann 28. maí sl. Gögn hafa verið afhent Skipulagsstofnun til varðveislu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 12. júní 2014.

Bjarki Jóhannesson,
sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 27. júní 2014